

1860. ina álit yðar og uppástungur um, hvernig því verði skipað svo
22. janúar. bezt megi fara.

13. febrúar. **6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um prestsmötu af Langholts kirkju.**

Í bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 15. októbermán. f. á., hefir dómsmálastjórnin fengið skýrslur viðvíkjandi bænaraskrá Jóns Bjarnasonar, prests til Langholts kirkju, um að hann, meðan hann er í embættinu, megi halda áfram að fá prestsmötu þá, er honum ber af kúgildum kirkju þessarar, borgaða með 160 álum, er hún um mörg ár að undanfögnu hafi verið greidd prestum þar með þessari upphæð, í stað þess að hún sé greidd með 8 ríkisdöllum á ári samkvæmt rentukammersbréfi 21. maím. 1831.

Í þessu efni sé yður það tilkynnt, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, er með þarf, að þaréð ekki var hafður neinn fyrirvari um það, hvernig reikna skyldi prestsmötuna, þá er Jóni presti Bjarnasyni var veitt brauðið, má hann um sína embættistíð fá hana borgaða með 160 álum smjörs í skileyri, eður eptir því verði, sem sett er á vörutegund þessa í verðlagsskránni; þar á móti fellst stjórnin á að prestsmatan, frá því að næsta sinn verða prestaskipti í brauðinu, sé samkvæmt uppástungum yðar goldin af 11 kúgildum með 110 álum.

13. febrúar. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanusins yfir Íslandi, um kostnað til nætúrvarða í Reykjavíkur bæ.**

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, senduð stjórninni álitsskjal bæjarfulltrúanna og bæjarfógetans í Reykjavík um nætúrvörð þar í bænum, hafið þér í bréfi 2. nóvemberm. f. á. stungið upp á, að það verði leyft bæjarstjórninni að verja allt að 200